

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Niðurskógar, Hraunbrekkur 36, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Niðurskóga í Húsafelli. Tillagan er sett fram í greinargerð og í uppdrætti dags. 26. mars 2019. Tillagan nær yfir lóðina Hraunbrekkur 36. Breytingartillagan felur í sér að heimilt er að reisa tvö hús á lóðinni. Auk frístundahúss er heimilt að byggja gesta- og geymsluhús innan byggingarreitsins. Gesta- og geymsluhús skal vera samtengt við aðalhús með verönd. Heimilt er að gera frístundahús úr timbri og/eða steypu. Stærð frístundahúss má að hámarki vera 150 m<sup>2</sup> og gesta- og geymsluhús ekki meira en 65 m<sup>2</sup> samtals. Fyrirhugað breyting er í samræmi við aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Nágrannar samþykktu. Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Urðarfellsvirkjun, Giljaböð, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells III. Tillagan var sett fram í greinargerð og í uppdrætti dags. 24. janúar 2019. Innan deiliskipulagssvæðis á lóðinni Sjónarhól, er fyrirhugað að útbúa náttúruböð ásamt göngustígum, bílastæðum og þjónustubyggingum og veg fyrir aðföng. Vatnið sem er veitt í náttúruleugar kemur úr borholu sem er austan við Hringsgil. Engar breytingar eru gerðar á virkjun, einungis er verið að breyta hluta skipulagssvæðis og lagt er upp með að rask verði í lágmarki. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Borgarnesi, 3. september 2019.*

**Gunnlaugur A. Júlíusson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. september 2019